

# HEITAVATNSBORHOLA OG NÝ HEITAVATNSPÍPA Á SKARÐDAL OG SIGLUFIRÐI Í FJALLABYGGÐ

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning heitavatnsspípu og bygging tengdra mannvirkja á Skarðdal og Siglufirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Helstu neikvæðu áhrif verða sjónræns eðlis og vegna rasks á all sérstæðum gróðri við lagningu 3 km langrar heitavatnsspípu, einkum á þeim kafla sem pípan liggur um að mestu óraskað svæði í hlíðum Snóks. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili ætti að athuga þann möguleika að hliðra til legu pípunnar og leggja hana um þegar raskað svæði þar sem þess er kostur án þess að það hafi neikvæð áhrif á fornleifar eða aðra landnotkun.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. júlí 2011.

## INNGANGUR

Þann 5. maí 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Teikn á lofti, ráðgjöf og hönnun, um framkvæmdir við heitavatnsborholu og heitavatnspípu á Skarðdal og Siglufirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjallabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjallabyggð með bréfi dags. 27. maí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 1. júní 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. maí 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Teikn á lofti með tölvubréfum dags 26. maí, 3. og 16. júní 2011.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Samkvæmt framlögðum gögnum hefur verið boruð um 700 m djúp vinnsluhola á Skarðdal suðvestan þéttbýlisins á Siglufirði sem sker öflugar vatnsæðar með rúmlega 70° C heitu vatni. Fram kemur að fyrirhugað sé að nýta heita vatnið fyrir íbúa á Siglufirði og til þess þurfi að reisa dæluhús (borholuhús) og gasskilju hjá borholunni ásamt því að leggja heitavatnspípu og háspennustreng frá henni að stjórnstöð, sem fyrirhugað sé að reisa í námunda við núverandi heitavatnsgeymi ofan þéttbýlisins á Siglufirði. Fram kemur að fyrirhugað borholuhús verði steipt, u.þ.b. 25 m<sup>2</sup> mannvirki, stjórnstöðin verði u.þ.b. 20 m<sup>2</sup> að stærð einnig úr steinsteypu og fyrirhuguð gasskilja verði um 50 m<sup>2</sup>, einangraður stálgeymir sem verði felldur inn í landslag hlíðarinnar þar sem hann muni standa. Heitavatnspípan sé foreinangruð stálpípa, um 3300 m löng og 250 mm að þvermáli og verði hún að öllu leyti niðurgráfin ásamt háspennustreng og ljósleiðara. Fram kemur að skurðurinn verði u.þ.b. 1,5 m á breidd og 1 m á dýpt og verði svarðlag varðveitt sem og gróðurtorfur sem verði þá geymdar meðfram skurði. Uppgrafið, laust efni verði nýtt til fyllingar í skurðinn eftir því sem kostur sé en ónýtanlegt efni fjarlæggt. Ef þörf verði á frekara fyllingarefni verði það sótt í námur með tilskilin leyfi. Fram kemur að notast verði við beltatæki við alla jarðvinnu og flutning til að lágmarka rask en gert sé ráð fyrir um 3 m breiðu rasksvæði meðfram skurðinum vegna vinnuvéla. Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sé ríkjandi mólendi með vot- og mýrlendisflákum en fyrirhuguð lagnarlína muni liggja neðan við viðkvæmustu gróðurlínu, rétt ofan núverandi beitarhólfa og sé ekki talin hætta á að sérstæð gróðursvæði raskist. Að framkvæmd lokinni verði land jafnað svo að falli vel að aðliggjandi umhverfi og svarðlag sléttað yfir. Fræjum af aðliggjandi gróðursvæðum verði sáldrað yfir raskaða væðið eins og kostur er til að flýta náttúrulegri uppgræðslu. Fram kemur að skrásettar hafi verið þrjár fornleifar við fyrirhugað framkvæmdasvæði en ekki sé talin hætta á röskun þeirra.

## ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Fjallabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af snjóþunga og sé því sérstæður miðað við gróður víðast hvar á landinu og geti tekið langan tíma að endurheimta hann. Hætta sé á að ef ekki takist að græða aftur svæði hitaveitulagnar með staðbundnum gróðri þá verði neikvæð sjónræn áhrif af mislitri rönd eftir endilangri fjallshlíðinni. Mikilvægt sé því að mati stofnunarinnar að heitavatslögn verði lögð um þegar röskuð svæði ef þess sé nokkur kostur, til þess að raska sem allra minnst þessum gróðri. Umhverfisstofnun bendir á að svæði beitarhólfa sé þegar raskað sem og svæði nær hesthúsum. Þá telur stofnunin mikilvægt að skoðað verði hvort lögnin geti legið meðfram núverandi vegi á lengri kafla en áætlað sé. Stofnunin telur að ef áætlanir um lagningu heitavatslagnar verði ekki endurskoðaðar séu líkur á verulegum umhverfisáhrifum m.t.t. áhrifa á viðkvæman gróður og sjónrænna áhrifa. Þá bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að mannvirki við borholu verði hönnuð þannig að þau falli vel að sérstæðu svipmóti landsins á Skarðdal þannig að sjónræn áhrif verði ekki veruleg.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir mikilvægi þess með Umhverfisstofnun að draga sem kostur er úr neikvæðum sjónrænum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda og fella þau vel að sérstæðu svipmóti landsins og ennfremur er tekið undir mikilvægi þess að rask á votlendi og öðrum gróðri verði í lágmarki. Framkvæmdaraðilar telja það hins vegar vandkvæðum bundið að breyta legu heitavatslagnarinnar verulega. Framkvæmdaraðilar telja einnig að lega og hönnun mannvirkjanna sem og verklagsreglur sem notaðar verði á framkvæmdatíma muni stuðla að því að ofangreind markmið náist. Í svörum er jafnframt lýst yfir vilja til þess að hafa náð samráð við Umhverfisstofnun við mat á endanlegri legu lagnanna sem og um frágang við mannvirki til þess að tryggja enn frekar að markmið um lágmarksrask á gróðurfari og neikvæð sjónræn áhrif náist. Framkvæmdaraðili bendir jafnframt á að við val á lagnaleið hafi verið haft að leiðarljósi að lágmarka allt jarðrask eins og kostur er og velja leið um land þar sem aðrar lagnir séu fyrir. Fram kemur að samkvæmt mældri lagnaleið liggja pípan fyrst meðfram vegi á um 200 m kafla. Næstu 400 m sé pípan meðfram 11 kV háspennujarðstreng, en síðan á milli gamallar vatnslagnar og lagnaleiðar ljósleiðara og háspennujarðstrengs á næstu 1100 metrunum. Því næst liggur lögnin meðfram ljósleiðaranum og jarðstrengnum á um 600 m kafla niður að snjóflóðavarnargarði en eftir það með vegi efst í Siglufjarðarbæ síðustu 800 m. Aðeins á 200-300 m kafla víki lögnin meira en 25 m frá fyrirbyggjandi jarðstrengslögnum eða vatnslögn.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að þrjár fornleifar séu skráðar við fyrirhugað framkvæmdasvæði og þar af séu tvær tóftir heystæða (EY-007:13 og 23) og Gamlastekk (EY-007:29). Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi tóftirnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Þá bendir stofnunin á að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé einnig að finna leifar vörslugarðs, Skarðsdalsgarðs, (EY-007:015). Fornleifavernd ríkisins telur mikilvægt að reynt verði að finna heitavatslögninni leið þannig að hún raski ekki Skarðsdalsgarði. Verði ekki hjá því komist þurfi að grafa könnunarskurð í garðinn þar sem hann raskast til að kanna gerð hans og reyna að fá hugmynd um aldur hans. Fornleifavernd ríkisins beinir því til framkvæmdaraðila að samráð verði haft við minjavörð Norðurlands eystra, sem sé starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins, um staðsetningu hitaveitulagnarinnar og hugsanlegar mótvægisaðgerðir vegna Skarðsdalsgarðs.

Framkvæmdaraðilar samþykkja í svörum sínum að fara að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins og merkja tóftir áður en framkvæmdir hefjast til að fyrirbyggja rask af vangá.

Ennfremur samþykkja framkvæmdaraðilar ábendingar Fornleifaverndar um legu lagnarinnar m.t.t. Skarðsdalsgarðs og munu hafa samráð við minjavörð Norðurlands eystra áður en til framkvæmdar kemur um nákvæma legu lagnar og/eða hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna garðsins.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu dæluhúss og gasskilju við borholu á Skarðdal, byggingu stjórnstöðvar ofan þéttbýlisins á Siglufirði og lagningu heitavatnspípu frá fyrnefndri borholu að stjórnstöð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja að helstu neikvæðu áhrif af framkvæmdunum verði sjónræns eðlis og vegna rasks á all sérstæðum gróðri við lagningu heitavatnspípu. Einkum á þetta við á þeim kafla sem pípan liggur um að mestu óraskað svæði í hlíðum Snóks en um er að ræða rask á allt að 5 m breiðu svæði og telur stofnunin að áhrifin muni verða nokkuð neikvæð vegna umfangsins og þá aðallega á framkvæmdatíma. Langtímaáhrif fara eftir því hvernig til tekst með uppgræðslu en Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar að það gæti verið vandkvæðum bundið og tekið langan tíma að endurheimta hinn sérstæða snjóældagróður sem sé einkennandi á hluta svæðisins. Stofnunin tekur því einnig undir með Umhverfisstofnun að athuga ætti þann möguleika að hliðra til legu pípunnar þar sem hún liggur um óraskað svæði og leggja hana um þegar raskað svæði þar sem þess er kostur, án þess að það hafi neikvæð áhrif á fornleifar eða aðra landnotkun. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að haft verði samráð við Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins um endanlega legu pípunnar eins og áform eru um samkvæmt svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning heitavatnsspípu og bygging tengdra mannvirkja á Skarðdal og Siglufirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. júlí 2011.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

